



Skýrsla tilnefningarnefndar

Vegna aðalfundar VÍS 19. mars 2021

1. Inngangur

Tilnefningarnefnd Vátryggingafélags Íslands hf. (hér eftir nefnt „VÍS“) var sett á laggirnar með ákvörðun hluthafafundar þar að lútandi 20. september 2018. Markmið tilnefningarnefndar er að skapa hluthöfum fullnægjandi forsendur fyrir upplýstri ákvarðanatöku við kjör stjórnar félagsins og gegnir nefndin ráðgefandi hlutverki við val á stjórnarmönnum samkvæmt starfsreglum nefndarinnar (sjá viðauka 1).

Tilnefningarnefnd fer yfir þekkingu og reynslu stjórnar sem heild og metur í framhaldi frambjóðendur út frá hæfni, reynslu, þekkingu, óhæði, þörfum félagsins og hvort þeir geti sinnt skyldum sínum samkvæmt samþykktum félagsins, lögum nr. 2/1995 um hlutafélög, lögum nr. 100/2016 um vátryggingastarfsemi, auk annarra laga og reglna sem um félagið gilda. Nánar er fjallað um markmið og hlutverk, skipan nefndarinnar, framkvæmd starfa og heimildir, mat á frambjóðendum og þagnar- og trúnaðarskyldu í starfsreglum nefndarinnar.

Nefndin metur frambjóðendur með tilliti til reynslu, þekkingar og viðeigandi hæfni til að starfa sem stjórnarmenn hjá VÍS samkvæmt ákveðnum hæfnisviðmiðum, og að sameiginlega hafi stjórnin fullnægjandi þekkingu og reynslu til að geta sinnt skyldum sínum (sjá viðauka 2).

2. Skipan nefndarinnar

Tilnefningarnefnd skal skipuð þremur nefndarmönnum sem kjörnir eru á aðalfundi félagsins. Meirihluti nefndarmanna skal vera óháður félaginu og daglegum stjórnendum þess. Við mat á óhæði nefndarmanna skal miðað við sömu sjónarmið og þegar óhæði stjórnarmanna er metið. Þá skal að lágmarki einn nefndarmaður vera óháður hluthöfum félagsins sem eiga virkan eignarhlut í félaginu, einir eða í samstarfi við aðra. Stjórnarmönnum félagsins og daglegum stjórnendum eða öðrum starfsmönnum er ekki heimilt að eiga sæti í nefndinni.

Tilnefningarnefnd kýs formann úr hópi nefndarmanna. Ritari nefndarinnar skal koma úr röðum starfsmanna félagsins.

Í tilnefningarnefnd VÍS starfsárið 2020-2021 eru (sjá viðauka 3):

- Jensína Kristín Böðvarsdóttir, formaður nefndarinnar
- Gylfi Dalmann Aðalsteinsson
- Magnús Bjarnason

Ritari nefndarinnar er Ragnheiður Þorkelsdóttir, gæðastjóri VÍS.

Nefndarmenn voru kjörnir á aðalfundi félagsins 19. mars 2020 og teljast allir óháðir félaginu, daglegum stjórnendum þess og hluthöfum félagsins.

3. Starfsemi nefndarinnar

Nefndin setti fram starfsáætlun (sjá viðauka 4) í samræmi við starfsreglur. Núverandi stjórn var metin út frá ákveðnum hæfnisviðmiðum (sjá viðauka 2) og skoðað var sjálfsmat stjórnar sem KPMG framkvæmdi fyrir stjórn. Tekin voru einstaklingsviðtöl við aðalmenn og varamenn stjórnar í gegnum fjarfundarbúnað, upplýsinga aflað um störf stjórnarinnar og mat stjórnarmanna á þeim verkefnum sem framundan eru. Einnig var upplýsinga aflað um áhuga á frekari stjórnarsetu sitjandi stjórnarmanna. Áreiðanleikakönnun nefndarinnar fól einnig í sér fund með forstjóra VÍS, Helga Bjarnasyni.

Nefndin hafði samband við 20 stærstu hluthafa VÍS og bauð þeim að funda með nefndinni til að koma sjónarmiðum sínum um starf stjórnarinnar á framfæri. Í frétt á fjárfestasíðu félagsins var auk þess öllum hluthöfum boðið að hafa samband við nefndina. Alls voru 9 hluthafar sem óskuðu eftir fundi, flestir í gegnum fjarfundarbúnað, og fóru fundirnir fram á tímabilinu 20. janúar – 3. febrúar.

Skýrsla nefndarinnar fyrir aðalfund VÍS hefur verið gerð aðgengileg stjórn félagsins og verður birt með aðalfundarboði ásamt öðrum aðalfundargögnum

Framboð sem kunna að koma fram áður en fimm daga frestur til að skila inn framboði rennur út, verða metin af nefndinni, eftir því sem unnt er, og greint frá í viðauka við skýrslu nefndarinnar.

Allir núverandi stjórnarmenn, aðalmenn og varamenn, hafa gefið kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu. Nefndin auglýsti einnig eftir tilnefningum í stjórn í gegnum fréttakerfi Kauphallar og á vefsíðu félagsins. Auk núverandi stjórnarmanna buðu 5 einstaklingar sig fram til stjórnarsetu, en drógu allir framboð sitt til baka nema einn, Már Wolfgang Mixa (sjá viðauka 5). Þegar skýrsla þessi er rituð hafa engir aðrir frambjóðendur lagt fram framboð.

Nefndin hefur lagt mat á frambjóðendur samkvæmt ákveðnum hæfnisviðmiðum (sjá viðauka 2) og hefur unnið út frá þeirri forsendu að félagið framkvæmi hefðbundna bakgrunns athugun á þeim frambjóðendum sem eru tilnefndir.

Starfsreglur tilnefningarnefndar eru settar samkvæmt ákvæði 15. gr. a. samþykktar VÍS sem kveður á um að starfsreglur nefndarinnar skuli samþykktar á hluthafafundi. Núgildandi starfsreglur nefndarinnar voru samþykktar á aðalfundi félagsins 20. mars 2019. Samhliða störfum sínum í aðdraganda aðalfundar félagsins hefur nefndin yfirfarið starfsreglurnar og telur nauðsynlegt að gerðar verði á þeim nokkrar breytingar til að skerpa á hlutverki og starfsháttum nefndarinnar. Leggur nefndin því fram meðfylgjandi breytingatillögur við starfsreglur nefndarinnar (sjá viðauka 6). Breytingatillögurnar fela einkum í sér eftirfarandi:

- Aukin áhersla á að nefndin hafi í huga samsetningu stjórnar og að hún beri með sér fjölbreytileika.
- Að höfð verði hliðsjón af árangursmati stjórnar og samtölum við sitjandi stjórnarmenn og forstjóra félagsins við mat nefndarinnar.
- Hnykk á því að nefndin skuli gæta trúnaðar um framboð sem berast og gefa þeim frambjóðendum sem ekki eru hluti af tillögu nefndarinnar kost á að draga framboð sín til baka.
- Bætt við upptalningu á hlutverki nefndarinnar árlegri yfirferð á starfsreglum og að leggja fram tillögu fyrir hluthafafund um breytingar telji nefndin þörf á.
- Að við kosningu tilnefningarnefndarmanna skuli fylgja sama fyrirkomulagi og við kjör stjórnarmanna félagsins.
- Að starfskjör nefndarinnar skuli ákveðin á aðalfundi félagsins á grundvelli tillögu stjórnar.

4. Tillögur að skipan stjórnar

Núverandi stjórn var kosin á aðalfundi félagsins þann 19. mars 2020. Nefndin er einhuga um að núverandi stjórn virki sem skyldi. Nefndin hefur horft til verkefna og þarfa næstu missera og telur að núverandi stjórn hafi sameiginlega, fullnægjandi þekkingu og reynslu til að geta sinnt skyldum sínum samkvæmt þeim hæfnisviðmiðum sem nefndin horfir til (sjá viðauka 2).

Að mati nefndarinnar er hægt að finna helstu lykilhæfni, reynslu og þekkingu sameiginlega hjá þessum frambjóðendum og í samræmi við það leggur nefndin til að þessir frambjóðendur verði kjörnir í stjórn VÍS:

Frambjóðendur í aðalstjórn (sjá viðauka 7):

- Guðný Hansdóttir
- Marta Guðrún Blöndal
- Stefán Héðinn Stefánsson
- Valdimar Svavarsson
- Vilhjálmur Egilsson

Varamenn í stjórn (sjá viðauka 8):

- Ragnheiður Hrefna Magnúsdóttir
- Sveinn Friðrik Sveinsson

Reykjavík, 19. febrúar 2021

Jensína Kristín Böðvarsdóttir, formaður
Gylfi Dalmann Aðalsteinsson
Magnús Bjarnason

Starfsreglur tilnefningarnefndar Vátryggingafélags Íslands hf.

1. Inngangur

Starfsreglur þessar eru settar samkvæmt ákvæði 15. gr. a. samþykktar Vátryggingafélags Íslands hf. (hér eftir „VÍS“). Samkvæmt ákvæðinu skal innan félagsins starfa ráðgefandi tilnefningarnefnd sem tilnefnir frambjóðendur til setu í stjórn VÍS fyrir aðalfundi félagsins og þá hluthafafundi þar sem stjórnarkjör er á dagskrá. Starfsreglur þessar eru settar með hliðsjón af leiðbeiningum Viðskiptaráðs Íslands, Nasdaq Iceland og Samtaka atvinnulífsins um stjórnarhætti fyrirtækja.

2. Markmið og hlutverk

2.1. Markmið nefndarinnar er að skapa hluthöfum fullnægjandi forsendur fyrir upplýstri ákvarðanatöku við kjör stjórnar félagsins. Tilnefningarnefnd gegnir ráðgefandi hlutverki við val á stjórnarmönnum. Hlutverk nefndarinnar skal m.a. felast í því að:

- a) Óska eftir tilnefningum um stjórnarmenn til stjórnarsetu í VÍS með auglýsingu í fréttakerfi Kauphallar og á vefsvæði nefndarinnar tímanlega fyrir boðun aðalfundar ár hvert.
- b) Tryggja að hluthafar fái upplýsingar um hvernig unnt sé að koma tilnefningum um stjórnarmenn á framfæri við nefndina, auk þess að tryggja aðgang að framboðsformum.
- c) Meta þá einstaklinga sem tilnefndir hafa verið af hluthöfum og/eða hafa boðið sig fram til stjórnarsetu út frá hæfni, reynslu, þekkingu, óhæði og þörfum félagsins.
- d) Skilgreina lykilhæfni og þekkingu sem æskilegt er að stjórnarmenn félagsins búi yfir.
- e) Leggja fram rökstudda tillögu um bestu samsetningu stjórnar. Tillagan skal birt samhliða því að boðað er til aðalfundar. Gæta skal að því að tillaga nefndarinnar samræmist ákvæðum samþykktar félagsins, laga um hlutafélög og öðrum þeim lögum og reglum er varða kröfur til hæfni og samsetningu stjórnar félagsins.
- f) Gera grein fyrir tillögum og störfum nefndarinnar í skýrslu sem skal gerð aðgengileg með sama hætti og aðrar tillögur sem taka á til meðferðar á þeim fundi er stjórnarkjör skal fara fram.
- g) Fara yfir framboð til stjórnar sem fram koma innan framboðsfrests og meta óhæði frambjóðenda.

2.2. Fari stjórnarkjör fram á öðrum hluthafafundi en aðalfundi mun nefndin eftir atvikum ekki hafa tök á að koma við þeim þáttum sem fram koma í liðum a) og e) í lið 2.1. að framan, þar sem tímafrestir geta verið skemmri og ekki eins fyrirsjáanlegir og þegar um aðalfund er að ræða. Undir slíkum kringumstæðum skal nefndinni heimilt að birta rökstudda tillögu sína eftir að fundarboð hefur verið sent út, en eins fljótt og kostur er, og eigi síðar en tveimur virkum dögum fyrir hluthafafund.

3. Skipan nefndar

3.1. Tilnefningarnefnd skal skipuð skv. ákvæði 15. gr. a. í samþykktum félagsins. Fjöldi nefndarmanna skal vera þrír og skulu þeir kjörnir á aðalfundi félagsins. Nefndarmenn skulu hafa þekkingu og reynslu til að bera sem samræmist hlutverki og störfum nefndarinnar.

- 3.2. Meirihluti nefndarmanna skal vera óháður félaginu og daglegum stjórnendum þess. Við mat á óhæði nefndarmanna skal miðað við sömu sjónarmið og þegar óhæði stjórnarmanna er metið. Þá skal að lágmarki einn nefndarmaður vera óháður hluthöfum félagsins sem eiga virkan eignarhlut í félaginu, einir eða í samstarfi við aðra.
- 3.3. Stjórnarmönnum félagsins og daglegum stjórnendum eða öðrum starfsmönnum er ekki heimilt að eiga sæti í nefndinni.
- 3.4. Tilnefningarnefnd kýs formann úr hópi nefndarmanna og ræður einfaldur meirihluti atkvæða kjöri hans. Ritari nefndarinnar skal koma úr röðum starfsmanna félagsins. Að öðru leyti skiptir nefndin með sér verkum.

4. Framkvæmd starfa og heimildir

- 4.1. Tilnefningarnefnd starfar í samræmi við samþykktir VÍS, starfsreglur þessar og íslensk lög og hefur hliðsjón af leiðbeiningum Viðskiptaráðs Íslands, Nasdaq Iceland og Samtaka atvinnulífsins um stjórnarhætti fyrirtækja.
- 4.2. Í upphafi starfa nefndarinnar hvert starfsár skal nefndin útbúa starfsáætlun til að stuðla að skilvirkni í störfum sínum. Starfsáætlunin skal borin undir stjórn félagsins til staðfestingar.
- 4.3. Þá skal nefndin jafnframt útbúa kostnaðaráætlun í upphafi hvers starfsárs vegna nefndarlauna, utanaðkomandi ráðgjafa eða annars kostnaðar sem áætlað er að leggja þurfi út í vegna starfa nefndarinnar. Skal kostnaðaráætlunin lögð fyrir stjórn félagsins til samþykktar. Fari kostnaður nefndarinnar umfram áætlun skal stjórn félagsins upplýst og óskað eftir frekari fjárheimildum.
- 4.4. Við framkvæmd starfa skal tilnefningarnefnd taka mið af heildarhagsmunum hluthafa félagsins.
- 4.5. Tilnefningarnefnd skal í störfum sínum hafa aðgang að þeim gögnum sem nauðsynleg eru nefndinni til að hún geti gegnt hlutverki sínu. Tilnefningarnefnd skal við undirbúning tillagna sinna einnig vera heimilt að leita til sitjandi stjórnar, undirnefnda stjórnar, lykilstjórnenda, ráðgjafa stjórnar í stjórnarháttum auk hluthafa til að afla upplýsinga, eftir því sem við á. Forstjóri félagsins skal hafa milligöngu um aðgang að gögnum og starfsmönnum skv. framangreindu.
- 4.6. Tilnefningarnefnd skal halda skrá yfir samskipti sín við hluthafa félagsins, stjórnarmenn og stjórnendur þess.
- 4.7. Tilnefningarnefnd skal heimilt að leita til utanaðkomandi ráðgjafa og skulu þeir vera óháðir félaginu, daglegum stjórnendum og þeim stjórnarmönnum sem ekki eru óháðir. Tilnefningarnefnd gengur úr skugga um óhæði utanaðkomandi ráðgjafa.
- 4.8. Á aðalfundi félagsins skal tilnefningarnefnd vera heimilt gera grein fyrir skýrslu sinni sem henni er skylt að birta samhliða boðun aðalfundar, sbr. 2.1. f).
- 4.9. Í skýrslu nefndarinnar skal greina hvernig hún hagaði störfum sínum við mat á frambjóðendum, hvaða ráðgjafa var leitað til, hvaða atriða var litið til við mat á bestu samsetningu stjórnar ásamt rökstuðningi nefndarinnar. Þá skal greina frá því hvort að nefndin hafi verið einhuga í niðurstöðu sinni.
- 4.10. Öll gögn er varða störf nefndarinnar, s.s. upplýsingar um nefndarmenn, starfsreglur nefndarinnar, upplýsingar um hvernig er hægt að hafa samband við nefndina, framboðseyðublöð og skýrslur nefndarinnar, skal birta á sérstöku vefsvæði nefndarinnar á fjárfestasiðu félagsins.

5. Sjónarmið við mat á frambjóðendum

- 5.1. Við mat á frambjóðendum til stjórnar skal tilnefningarnefnd hafa í huga að VÍS er váttryggingafélag sem hlotið hefur starfsleyfi frá Fjármálaeftirlitinu og starfar í samræmi við lög um váttryggingastarfsemi nr. 100/2016, reglugerðir, reglur og leiðbeinandi tilmæli Fjármálaeftirlitsins. Þá hafa hlutabréf félagsins verið skráð á skipulegan verðbréfamarkað og gilda ákvæði laga um verðbréfavíðskipti nr. 108/2017 ásamt reglugerðum, reglum og leiðbeinandi tilmælum

Fjármálaeftirlitsins um hlutabréfin. Þessar réttarheimildir hafa að geyma fjölda reglna sem lúta að starfsemi félagsins sem stjórnarmenn þurfa að geta tileinkað sér. Jafnframt hafa þær að geyma ákvæði um atriði sem líta ber til við mat á hæfi og hæfni stjórnarmanna.

- 5.2. Að öðru leyti skal tilnefningarnefnd hafa hliðsjón af leiðbeiningum Viðskiptaráðs Íslands, Nasdaq Iceland og Samtaka atvinnulífsins um stjórnarhætti fyrirtækja.

6. Fundir

- 6.1. Tilnefningarnefnd skal funda eftir þörfum. Formaður nefndarinnar boðar til funda og stýrir þeim. Þá skal ritari nefndarinnar rita fundargerð um alla haldna fundi.
- 6.2. Nefndin er ákvörðunarbær þegar meirihluti nefndarmanna sækir fund enda hafi fundurinn verið boðaður með löglegum hætti. Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum í öllum málum sem koma á borð nefndarinnar. Falli atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns úrslitum.
- 6.3. Sömu reglur gilda um sérstakt hæfi nefndarmanna til að taka þátt í meðferð einstakra mála innan nefndarinnar og gilda um þátttöku stjórnarmanna við meðferð mála. Nefndarmenn skulu sjálfir gæta að hæfi sínu.

7. Þagnar- og trúnaðarskylda

- 7.1. Á nefndarmönnum hvílir þagnar- og trúnaðarskylda um störf sín, málefni félagsins, frambjóðendur til stjórnar og önnur atriði sem þeir öðlast vitneskju um í tengslum við starf þeirra við nefndina og leynt skulu fara samkvæmt lögum, samþykktum VÍS eða eðli máls. Þagnar- og trúnaðarskylda þessi helst þótt látið sé af starfi.
- 7.2. Nefndarmenn skulu vera skráðir á lista yfir fruminnherja hjá félaginu.

Gildistaka og birting

- 7.3. Starfsreglur þessar öðlast gildi þegar í stað eftir að hluthafafundur félagsins hefur samþykkt þær. Verður reglunum ekki breytt nema með samþykki hluthafafundar.
- 7.4. Starfsreglur þessar skulu birtar á heimasíðu VÍS.

Samþykkt á hluthafafundi VÍS hinn 20. mars 2019

Viðauki 2: Hæfnisviðmið fyrir stjórn VÍS

Í viðtölum við frambjóðendur gafst færi á að meta þekkingu og reynslu frambjóðenda, auk þess að fara yfir almenna þætti sem felast í óhæði skv. lögum. Nefndin horfði einkum til neðangreindra hæfnispátta:

Almenn hæfni og þekking:

- Almenn stjórnunarreynsla.
- Reynsla og/eða þekking á tryggingafyrirtæki/tryggingarrekstri.
- Samfélagsábyrgð.
- Reynsla af fjármálamarkaði.
- Reynsla af sölu- og markaðsmálum.
- Reynsla af stafrænni þróun.
- Þekking á góðum stjórnarháttum.
- Reynsla af mannauðsmálum.
- Reynsla af stefnumótun og áætlanagerð.
- Þekking á því lagaumhverfi sem snýr að rekstri félagsins.
- Reynsla og þekking á áhættustýringu og innra eftirliti.

Persónuhæfni:

- Gott siðferði.
- Góðir samskiptahæfileikar.
- Gagnrýnin hugsun.
- Sjálfsöryggi.
- Hæfni til að taka erfiðar ákvarðanir.
- Hæfni til að starfa í hópi.

Viðauki 3: Óháðir nefndarmenn í tilnefningarnefnd

Gylfi Dalmann Aðalsteinsson

Gylfi Dalmann Aðalsteinsson hefur starfað við Háskóla Íslands síðan árið 2000 og er hann dósent í stjórnun við viðskiptafræðideild Háskóla Íslands. Gylfi starfaði hjá IMG Gallup árið 1997-2001 sem stjórnendapjálfi og ráðgjafi hjá Þekkingarsmiðju IMG Gallup. Hann starfaði hjá VR 1997-1999 fyrst sem sérfræðingur í kjaramáladeild og síðar sem fræðslustjóri. Gylfi vann hjá Hagvangi sem ráðningarstjóri og ráðgjafi í starfsmannamálum árin 1995-1997.

Gylfi hefur sinnt fjölmörgum trúnaðarstörfum svo sem formaður fræðslunefndar Mosfellsbæjar, í skólanefnd framhaldsskólans í Mosfellsbæ, í stjórn KR sport, formaður aðalstjórnar Knattspynufélags Reykjavíkur frá 2013, í stjórn húsnæðissamvinnufélagsins Búseta, formaður Búseta frá 2006-2014 og formaður leigufélags Búseta.

Einnig hefur Gylfi setið í fjölmörgum dóm- og hæfnisnefndum varðandi ráðningar og embættisveitingar hjá hinu opinbera.

Gylfi er með BA próf í stjórn málafræði frá Háskóla Íslands og meistaraþróf í vinnumarkaðsfræðum frá Warwick Business School.

Jensína Kristín Böðvarsdóttir

Jensína er framkvæmdastjóri og meðeigandi Vinnvinn, ráðningar og ráðgjöf. Hún var Associate Partner hjá alþjóðlega ráðgjafafyrirtækinu Valcon frá 2019-2020 og framkvæmdastjóri hjá Alvogen, VP Global Strategic Planning & HR, 2015-2019. Þar áður var hún framkvæmdastjóri þróunar og mannauðs hjá Landsbankanum 2010-2015 og sem forstöðumaður sölu á einstaklingssviði Símans 2007-2010. Hún var einnig markaðsstjóri Globus 2004-2007 og framkvæmdastjóri IMG Gallup 2001-2004.

Jensína hefur setið í stjórn Haga frá 2020 og í stjórn Íslandssjóða frá 2016. Hún sat í stjórn Frumtaks 2010-2016, varamaður í stjórn Framtakssjóðs Íslands 2011-2015 og stjórnarmaður og lengst af stjórnarformaður Reiknistofu bankanna 2010-2012. Jensína hefur verið formaður tilnefningarnefndar Símans frá 2018 og formaður tilnefningarnefndar VÍS frá 2020.

Jensína er með MBA gráðu frá University of San Diego með áherslu á markaðsmál og neytendahegðun, og BS gráðu í auglýsingafræði frá San Jose State University.

Magnús Bjarnason

Magnús Bjarnason er stofnandi MAR Advisors ráðgjafafyrirtækis á sviði alþjóðlegs sjávarútvegs, endurnýjanlegri orku og fjárfestinga í innviðum.

Magnús var framkvæmdastjóri fyrirtækjaráðgjafar Kviku 2014-2017, forstjóri Icelandic Group 2012-2014, og framkvæmdastjóri markaðs- og viðskiptaþróunarsviðs Landsvirkjunar frá 2010-2012. Hann var framkvæmdastjóri alþjóðasviðs Glitnis og leiddi þjónustu bankans við alþjóðleg orku- og sjávarútvegsfyrirtæki. Magnús starfaði í utanríkisþjónustunni um árabil; var viðskiptafulltrúi Íslands í Bandaríkjunum og aðalræðismaður í New York, síðar sendifulltrúi og staðgengill sendiherra í sendiráði Íslands í Kína.

Magnús hefur átt sæti í ýmsum stjórnnum t.d. Iceland Seafood International, MP banka, Senu, Farice, Icelandic Group, Seachill í Bretlandi, Gadus í Belgíu, Icelandic Iberica Spáni og Shanxi Green Energy í Kína.

Magnús er með B.Sc. próf í viðskiptafræði og MBA frá Thunderbird School of Global Management.

Viðauki 4: Starfsáætlun tilnefningarnefndar VÍS

Fundir á árinu 2020:

- | | |
|-----------|--|
| 24. mars | Kynning nefndarmanna, kosning formanns og næstu skref ákveðin. |
| 15. apríl | Starfs- og kostnaðaráætlun nefndarinnar til umræðu og samþykktar. Starfsreglur nefndarinnar yfirfarnar og tillögur að breytingum ákveðnar. |

Fundir á árinu 2021:

- | | |
|----------------|---|
| 4.-8. janúar | Fundur með forstjóra. |
| 4.-8. janúar | Nefndin rýnir sjálfsmat stjórnar og þá lykilhæfni sem þarf að vera til staðar í stjórn. |
| 7.-15. janúar | Einstaklingsviðtöl við stjórnarformann og stjórnarmenn. |
| 18. janúar | Tölvupóstur sendur á 20 stærstu hluthafa og þeim boðið að funda með nefndinni frá og með 21. janúar til og með 4. febrúar. |
| 18. janúar | Óskað eftir tilnefningum um stjórnarmenn til stjórnarsetu í VÍS með auglýsingu í fréttakerfi Kauphallar og á vefsvæði nefndarinnar. |
| 8. febrúar | Umsóknarfrestur til stjórnarsetu rennur út (3 vikur samtals) |
| 9.-15. febrúar | Nefndin metur umsóknir og tekur viðtöl eftir því sem þörf þykir. |
| 17. febrúar | Formaður sendir drög að skýrslu nefndarinnar á nefndarmenn. |
| 19. febrúar | Nefndin leggur lokahönd á skýrslu nefndarinnar. |
| 19. febrúar | Skýrsla nefndarinnar send á stjórn VÍS. |
| 26. febrúar | Aðalfundarboð sent á hluthafa, ásamt aðalfundargögnum og þ.m.t. skýrslu tilnefningarnefndar. |
| 14. mars | Lokadagur til að bjóða sig fram í stjórn VÍS. Nefndin mun fara yfir og meta öll framboð sem koma fram innan framboðsfrests. |
| 19. mars | Aðalfundur VÍS |

Viðauki 5: Framboð sem barst tilnefningarnefnd og er ekki hluti af tilnefningu nefndarinnar

Már Wolfgang Mixa

Már er lektor við Viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík. Helstu fög kennd eru virðismat fyrirtækja, bankar og fjármálamarkaðir, atferlisfjármál og fjármálasaga, og greining skuldabréfa.

Í ferilskrá Mús kemur fram að hann starfaði á flestum sviðum fjármálageirans árin 1996-2009. Hann vann meðal annars sem forstjóri fjármálafyrirtækis sem hann vann að því að stofna, yfirmaður verðbréfadeildar, stýrði bæði eignastýringu og sjóðastýringu, yfirmaður viðskipta eigin fjárfestinga í skulda- og hlutabréfum, starfaði við millbankaviðskipti og stýringu gjaldeyris, sá um uppsetningu séreignarsparnaðaleiða og stýrði störfum varðandi lög og regluverk, meðal annars við uppsetningu verðbréfasjóða, séreignasjóða, alþjóðlegra viðskipta, regluverk í tengslum við varðveislu upplýsinga og önnur málefni sem viðkoma fjármálaþjónstu.

Hann hefur einnig starfað við rannsóknir og ráðgjöf tengt fjármálum síðastliðinn áratug.

Már er með doktorsgráðu (PhD) í business administration, MSc í fjármálum fyrirtækja, BSBA í fjármálum og BA í heimspeki auk þess að vera löggiltur verðbréfamiðlari.

Starfsreglur tilnefningarnefndar Vátryggingafélags Íslands hf.

1. Inngangur

Starfsreglur þessar eru settar samkvæmt ákvæði 15. gr. a. samþykkt Vátryggingafélags Íslands hf. (hér eftir „VÍS“). Samkvæmt ákvæðinu skal innan félagsins starfa ráðgefandi tilnefningarnefnd sem tilnefnir frambjóðendur til setu í stjórn VÍS fyrir aðalfundi félagsins og þá hluthafafundi þar sem stjórnarkjör er á dagskrá. Starfsreglur þessar eru settar með hliðsjón af leiðbeiningum Viðskiptaráðs Íslands, Nasdaq Iceland og Samtaka atvinnulífsins um stjórnarhætti fyrirtækja.

2. Markmið og hlutverk

2.1. Markmið nefndarinnar er að skapa hluthöfum fullnægjandi forsendur fyrir upplýstri ákvarðanatöku við kjör stjórnar félagsins. Tilnefningarnefnd gegnir ráðgefandi hlutverki við val á stjórnarmönnum. Hlutverk nefndarinnar skal m.a. felast í því að:

- a) Óska eftir tilnefningum um stjórnarmenn til stjórnarsetu í VÍS með auglýsingu í fréttakerfi Kauphallar og á vefsvæði nefndarinnar tímanlega fyrir boðun aðalfundar ár hvert.
- b) Tryggja að hluthafar fái upplýsingar um hvernig unnt sé að koma tilnefningum um stjórnarmenn á framfæri við nefndina, auk þess að tryggja aðgang að framboðsformum.
- c) Meta þá einstaklinga sem tilnefndir hafa verið af hluthöfum og/eða hafa boðið sig fram til stjórnarsetu út frá hæfni, reynslu, þekkingu, óhæði og þörfum félagsins. Skal nefndin líta til þess að samsetning stjórnar sé sem best í samræmi við starfsemi og stefnu félagsins og hún beri með sér fjölbreytni og breidd með tilliti til þátta eins og aldurs, kyns, bakgrunns, hæfni, reynslu og þekkingu. Nefndin skal m.a. hafa hliðsjón af niðurstöðu árangursmats stjórnar og samtölum sínum við sitjandi stjórnarmenn og forstjóra félagsins.
- d) Nefndin skal gæta trúnaðar um allar tilnefningar og framboð sem henni berast og gefa frambjóðendum, sem ekki eru hluti af tillögu nefndarinnar sbr. f-lið þessarar greinar, kost á að draga framboð sitt til baka eftir að niðurstaða liggur fyrir.
- e) Skilgreina lykilhæfni og þekkingu sem æskilegt er að stjórnarmenn félagsins búi yfir.
- f) Leggja fram rökstudda tillögu um bestu samsetningu stjórnar. Tillagan skal birt samhliða því að boðað er til aðalfundar. Gæta skal að því að tillaga nefndarinnar samræmist ákvæðum samþykkt félagsins, laga um hlutafélög og öðrum þeim lögum og reglum er varða kröfur til hæfni og samsetningu stjórnar félagsins.
- g) Gera grein fyrir tillögum og störfum nefndarinnar í skýrslu sem skal gerð aðgengileg með sama hætti og aðrar tillögur sem taka á til meðferðar á þeim fundi er stjórnarkjör skal fara fram.
- h) Fara yfir framboð til stjórnar sem fram koma innan framboðsfrests og meta óhæði frambjóðenda.
- i) Yfirfara starfsreglur nefndarinnar árlega og leggja fram tillögu fyrir hluthafafund um breytingu á starfsreglunum telji nefndin þörf á.

2.2. Fari stjórnarkjör fram á öðrum hluthafafundi en aðalfundi mun nefndin eftir atvikum ekki hafa tök á að koma við þeim þáttum sem fram koma í staflíðum a) og f) í lið 2.1. að framan, þar sem tímafrestir geta verið skemmdir og ekki eins fyrirsjáanlegir og þegar um aðalfund er að ræða. Undir

slíkum kringumstæðum skal nefndinni heimilt að birta rökstudda tillögu sína eftir að fundarboð hefur verið sent út, en eins fljótt og kostur er, og eigi síðar en tveimur virkum dögum fyrir hluthafafund.

3. Skipan nefndar

- 3.1. Tilnefningarnefnd skal skipuð skv. ákvæði 15. gr. a. í samþykktum félagsins. Fjöldi nefndarmanna skal vera þrír og skulu þeir kjörnir á aðalfundi félagsins. Fyrirkomulag samþykktu um kosningu stjórnarmanna, og um framkvæmd kosningar, skal gilda um kosningu þeirra einstaklinga sem tilkynnt hafa um framboð sitt til tilnefningarnefndar.
- 3.2. Nefndarmenn skulu hafa þekkingu og reynslu til að bera sem samræmist hlutverki og störfum nefndarinnar.
- 3.3. Meirihluti nefndarmanna skal vera óháður félaginu og daglegum stjórnendum þess. Við mat á óhæði nefndarmanna skal miðað við sömu sjónarmið og þegar óhæði stjórnarmanna er metið. Þá skal að lágmarki einn nefndarmaður vera óháður hluthöfum félagsins sem eiga virkan eignarhlut í félaginu, einir eða í samstarfi við aðra.
- 3.4. Stjórnarmönnum félagsins og daglegum stjórnendum eða öðrum starfsmönnum er ekki heimilt að eiga sæti í nefndinni.
- 3.5. Tilnefningarnefnd kýs formann úr hópi nefndarmanna og ræður einfaldur meirihluti atkvæða kjöri hans. Ritari nefndarinnar skal koma úr röðum starfsmanna félagsins. Að öðru leyti skiptir nefndin með sér verkum.
- 3.6. Starfskjör nefndarinnar skulu ákveðin á aðalfundi félagsins á grundvelli tillögu stjórnar.

4. Framkvæmd starfa og heimildir

- 4.1. Tilnefningarnefnd starfar í samræmi við samþykktir VÍS, starfsreglur þessar og íslensk lög og hefur hliðsjón af leiðbeiningum Viðskiptaráðs Íslands, Nasdaq Iceland og Samtaka atvinnulífsins um stjórnarhætti fyrirtækja.
- 4.2. Í upphafi starfa nefndarinnar hvert starfsár skal nefndin útbúa starfsáætlun til að stuðla að skilvirkni í störfum sínum. Starfsáætlunin skal borin undir stjórn félagsins til staðfestingar.
- 4.3. Þá skal nefndin jafnframt útbúa kostnaðaráætlun í upphafi hvers starfsárs vegna nefndarlauna, utanaðkomandi ráðgjafa eða annars kostnaðar sem áætlað er að leggja þurfi út í vegna starfa nefndarinnar. Skal kostnaðaráætlunin lögð fyrir stjórn félagsins til samþykktar. Fari kostnaður nefndarinnar umfram áætlun skal stjórn félagsins upplýst og óskað eftir frekari fjárheimildum.
- 4.4. Við framkvæmd starfa skal tilnefningarnefnd taka mið af heildarhagsmunum hluthafa félagsins.
- 4.5. Tilnefningarnefnd skal í störfum sínum hafa aðgang að þeim gögnum sem nauðsynleg eru nefndinni til að hún geti gegnt hlutverki sínu. Tilnefningarnefnd skal við undirbúning tillagna sinna einnig vera heimilt að leita til sitjandi stjórnar, undirnefnda stjórnar, lykilstjórnenda, ráðgjafa stjórnar í stjórnarháttum auk hluthafa til að afla upplýsinga, eftir því sem við á. Forstjóri félagsins skal hafa milligöngu um aðgang að gögnum og starfsmönnum skv. framangreindu.
- 4.6. Tilnefningarnefnd skal halda skrá yfir samskipti sín við hluthafa félagsins, stjórnarmenn og stjórnendur þess.
- 4.7. Tilnefningarnefnd skal heimilt að leita til utanaðkomandi ráðgjafa og skulu þeir vera óháðir félaginu, daglegum stjórnendum og þeim stjórnarmönnum sem ekki eru óháðir. Tilnefningarnefnd gengur úr skugga um óhæði utanaðkomandi ráðgjafa.
- 4.8. Á aðalfundi félagsins skal tilnefningarnefnd vera heimilt gera grein fyrir skýrslu sinni sem henni er skylt að birta samhliða boðun aðalfundar, sbr. 2.1. g).
- 4.9. Í skýrslu nefndarinnar skal greina hvernig hún hagaði störfum sínum við mat á frambjóðendum, hvaða ráðgjafa var leitað til, hvaða atriði var litið til við mat á bestu samsetningu stjórnar ásamt

rökstuðningi nefndarinnar. Þá skal greina frá því hvort að nefndin hafi verið einhuga í niðurstöðu sinni.

- 4.10. Öll gögn er varða störf nefndarinnar, s.s. upplýsingar um nefndarmenn, starfsreglur nefndarinnar, upplýsingar um hvernig er hægt að hafa samband við nefndina, framboðseyðublöð og skýrslur nefndarinnar, skal birta á sérstöku vefsvæði nefndarinnar á fjárfestasiðu félagsins.

5. Sjónarmið við mat á frambjóðendum

- 5.1. Við mat á frambjóðendum til stjórnar skal tilnefningarnefnd hafa í huga að VÍS er vátryggingafélag sem hlotið hefur starfsleyfi frá Fjármálaeftirlitinu og starfar í samræmi við lög um vátryggingastarfsemi nr. 100/2016, reglugerðir, reglur og leiðbeinandi tilmæli Fjármálaeftirlitsins. Þá hafa hlutabréf félagsins verið skráð á skipulegan verðbréfamarkað og gilda ákvæði laga um verðbréfavíðskipti nr. 108/2017 ásamt reglugerðum, reglum og leiðbeinandi tilmælum Fjármálaeftirlitsins um hlutabréfin. Þessar réttarheimildir hafa að geyma fjölda reglna sem lúta að starfsemi félagsins sem stjórnarmenn þurfa að geta tileinkað sér. Jafnframt hafa þær að geyma ákvæði um atriði sem líta ber til við mat á hæfi og hæfni stjórnarmanna.
- 5.2. Að öðru leyti skal tilnefningarnefnd hafa hliðsjón af leiðbeiningum Viðskiptaráðs Íslands, Nasdaq Iceland og Samtaka atvinnulífsins um stjórnarhætti fyrirtækja.

6. Fundir

- 6.1. Tilnefningarnefnd skal funda eftir þörfum. Formaður nefndarinnar boðar til funda og stýrir þeim. Þá skal ritari nefndarinnar rita fundargerð um alla haldna fundi.
- 6.2. Nefndin er ákvörðunarbær þegar meirihluti nefndarmanna sækir fund enda hafi fundurinn verið boðaður með minnst tveggja daga fyrirvara. Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum í öllum málum sem koma á borð nefndarinnar. Falli atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns úrslitum. Mikilvæga ákvörðun má þó ekki taka án þess að allir nefndarmenn hafi haft tök á því að fjalla um málið.
- 6.3. Sömu reglur gilda um sérstakt hæfi nefndarmanna til að taka þátt í meðferð einstakra mála innan nefndarinnar og gilda um þátttöku stjórnarmanna við meðferð mála. Nefndarmenn skulu sjálfir gæta að hæfi sínu.

7. Þagnar- og trúnaðarskylda

- 7.1. Á nefndarmönnum hvílir þagnar- og trúnaðarskylda um störf sín, málefni félagsins, frambjóðendur til stjórnar og önnur atriði sem þeir öðlast vitneskju um í tengslum við starf þeirra við nefndina og leynt skulu fara samkvæmt lögum, samþykktum VÍS eða eðli máls. Þagnar- og trúnaðarskylda þessi helst þótt látið sé af starfi.

8. Gildistaka og birting

- 8.1. Starfsreglur þessar öðlast gildi þegar í stað eftir að hluthafafundur félagsins hefur samþykkt þær. Verður reglunum ekki breytt nema með samþykki hluthafafundar.
- 8.2. Starfsreglur þessar skulu birtar á heimasíðu VÍS.

Samþykkt á aðalfundi VÍS hinn 19. mars 2021

Viðauki 7: Tilnefndir aðilar í stjórn VÍS

Guðný Hansdóttir

Guðný er með MBA gráðu frá Florida Institute of Technology og BS gráðu í markaðsfræði frá sama skóla.

Guðný starfaði sem framkvæmdastjóri mannauðssviðs hjá Inness 2014-2018 og framkvæmdastjóri mannauðssviðs hjá Skeljungi 2009-2014. Áður var hún framkvæmdastjóri erlendra starfsemi hjá Pennanum Officeday, framkvæmdastjóri mannauðssviðs Air Atlanta og forstöðumaður flugliða Icelandair. Guðný hefur setið í stjórn Parlogis og Mjallar Frigg og hefur setið í stjórn Frumherja frá árinu 2015. Í dag starfar hún sem fjárfestir.

Guðný hefur víðtæka þekkingu á mannauðsmálum, markaðsmálum, stefnumótun og áætlanagerð.

Guðný hefur setið í stjórn VÍS frá því í mars 2020 og situr í starfskjaranefnd. Guðný er óháð félaginu, daglegum stjórnendum og stórum hluthöfum félagsins.

Guðný er einn af eigendum KG eignarhalds ehf. sem á 0,15% í félaginu.

Marta Guðrún Blöndal

Marta Guðrún er með meistaraþáttu í lögfræði frá Háskóla Íslands og BA gráðu frá sama skóla. Hún er einnig með lögmannsréttindi.

Marta hefur starfað sem yfirlögfræðingur ORF Líftækni frá árinu 2018. Hún var lögfræðingur og síðar aðstoðarframkvæmdastjóri Viðskiptaráðs Íslands á árunum 2014-2018. Á sama tímabili var hún framkvæmdastjóri Gerðardóms Viðskiptaráðs Íslands. Áður starfaði Marta á Juris lögmannsstofu og í ólíkum störfum hjá hinu opinbera, auk þess að hafa setið í ýmsum nefndum og ráðum.

Marta hefur víðtæka þekkingu á góðum stjórnarháttum og hefur komið að útgáfu leiðbeininga um stjórnarhætti fyrirtækja frá árinu 2014. Hún hefur sömuleiðis mikla þekkingu á rekstrar- og lagaumhverfi íslenskra fyrirtækja.

Marta situr hún í stjórn Gerðardóms Viðskiptaráðs Íslands. Hún hefur setið í stjórn VÍS frá því í lok árs 2018, situr í áhættunefnd og er formaður starfskjaranefndar.

Marta er óháð félaginu, daglegum stjórnendum og stórum hluthöfum félagsins.

Stefán Héðinn Stefánsson

Stefán Héðinn er með MSc. í International Shipping and Finance frá viðskiptaháskólanum Alba/Henley, MSc. í International Securities, Investment and Banking frá háskólanum í Reading og Cand. Oecon próf í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands auk löggildingar í verðbréfi viðskiptum.

Stefán er forstjóri skipafélagsins Cargow BV ásamt því að sitja í stjórn félagsins og hefur verið framkvæmdastjóri A-ráðgjafar frá 2009. Hann starfaði sem aðstoðarforstjóri Sögu fjárfestingarbanka 2010-2011, hann var framkvæmdastjóri eignastýringarsviðs Landsbankans 2003-2008, framkvæmdastjóri viðskiptaþróunarsviðs Landsbankans 2001-2003 og forstöðumaður fyrirtækjaráðgjafar og þar áður eigin viðskipta bankans frá 1997-2001. Stefán hefur setið í stjórnnum margra fyrirtækja, skráðum og óskráðum. Hann hefur víðtæka reynslu af fjármálum, fjárfestingum, eignastýringu, áhættustýringu, innra eftirliti auk stefnumótunar og stjórnunar.

Stefán hefur setið í stjórn VÍS frá mars 2020, hann er formaður áhættunefndar og situr í endurskoðunarnefnd.

Stefán er óháður félaginu, daglegum stjórnendum og stórum hluthöfum félagsins.

Stefán á samtals 900.000 hluti í félaginu, 500.000 beint og 400.000 í gegnum félagið A-ráðgjöf ehf.

Valdimar Svavarsson

Valdimar er með BA gráðu í hagfræði og er löggiltur verðbréfamiðlari. Hann starfar sem framkvæmdastjóri Civitas ehf. við fjárfestingar og fjárfestingaumsjón og er framkvæmdastjóri fjárfestingafélagsins Hlíðar.

Valdimar starfaði sem forstöðumaður viðskiptapróunar og sérfræðingur í fyrirtækjaráðgjöf hjá Virðingu hf. 2011-2017, framkvæmdastjóri rekstrarfélags Virðingar hf. 2010-2011, framkvæmdastjóri Quantum consulting 2008-2010, forstöðumaður hjá VBS fjárfestingabanka 2004-2007 og forstöðumaður einkabankaþjónustu Heritable Bank 2001-2003.

Valdimar býr yfir víðtækri þekkingu á fjármála- og tryggingaumhverfi almennt.

Valdimar situr í stjórn Civitas ehf., Fjárfestingarfélagsins Solace ehf. og Holtseignum ehf. Valdimar hefur setið í stjórn VÍS frá 2017 og sem stjórnarformaður frá 2018. Hann situr í starfskjaranefnd.

Valdimar er óháður félaginu, daglegum stjórnendum og stórum hluthöfum félagsins.

Vilhjálmur Egilsson

Vilhjálmur er doktor í hagfræði frá Háskólanum í Suður Kaliforníu (USC) og með meistaragráðu í hagfræði frá sama skóla. Hann lauk áður Cand. Oecon. gráðu frá Háskóla Íslands.

Vilhjálmur var rektor Háskólans á Bifröst á árunum 2013-2020, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins 2006-2013, ráðuneytisstjóri Sjávarútvegsráðuneytisins 2004-2006, í framkvæmdastjórn Alþjóðagjaldeyrissjóðsins 2003, framkvæmdastjóri Verslunarráðs Íslands 1987-2003 og alþingismaður 1991-2003.

Vilhjálmur hefur víðtæka þekkingu á íslensku samfélagi og atvinnulífi og hefur gegnt forystuhlutverki í samtökum atvinnulífsins og háskólasamfélaginu. Hann var formaður efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis í 9 ár og leiddi þar umfangsmiklar umbætur á skattalöggjöf og löggjöf um íslenskt viðskiptalíf.

Vilhjálmur situr nú í stjórn Innviða slhf. Hann hefur setið í stjórn VÍS frá því í lok árs 2018 og er í áhættunefnd og endurskoðunarnefnd.

Vilhjálmur er óháður félaginu, daglegum stjórnendum og stórum hluthöfum félagsins.

Viðauki 8: Tilnefndir aðilar sem varamenn í stjórn VÍS

Ragnheiður Hrefna Magnúsdóttir

Ragnheiður er með Mastersgráðu í vélaverkfræði frá Álaborgarháskóla í Danmörku og að auki með gráðu í nýsköpunar- og frumkvöðlafræðum frá MIT.

Ragnheiður starfar sem ráðgjafi í stafrænni umbreytingu hjá Reykjavíkurborg. Hún var áður forstöðumaður framkvæmda hjá Veitum 2018-2020, hún starfaði einnig sem viðskiptastjóri hjá Marel 2016-2018, framkvæmdastjóri og eigandi Hugsmiðjunnar 2010-2016, eigandi og stjórnarformaður Uppsprettu 2008-2010 og framkvæmdastjóri Mentis 2006-2008. Ragnheiður er formaður tækninefndar Vísinda- og tækniráðs.

Ragnheiður hefur setið í fjölmörgum stjórnnum síðastliðin ár sem tengjast nýsköpun og tækni, m.a. sem nefndarmaður í starfshópi fyrir nýsköpunarstefnu Íslands á vegum atvinnuvegaráðherra.

Ragnheiður hefur setið í varastjórn VÍS frá árinu 2020.

Ragnheiður er óháð félaginu, daglegum stjórnendum og stórum hluthöfum félagsins.

Sveinn Friðrik Sveinsson

Sveinn Friðrik er með BSc próf í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands og löggildingu í verðbréfamiðlun frá Háskólanum í Reykjavík. Sveinn Friðrik er fjármálastjóri Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi. Hann starfaði sem fjármálastjóri Bílanausts 2014-2017, forstöðumaður markaðsviðskipta hjá Virðingu 2011-2014, verðbréfamiðlari hjá Sögu fjárfestingabanka 2010-2011, forstöðumaður fjárstýringar hjá Straumi 2006-2009 og sem forstöðumaður netviðskipta hjá Íslandsbanka 2000-2006.

Sveinn Friðrik hefur setið í varastjórn VÍS frá árinu 2018. Hann hefur viðtæka þekkingu á fjármálum og fjárstýringu, ásamt þekkingu á áhættu og eignastýringu.

Sveinn er óháður félaginu, daglegum stjórnendum og stórum hluthöfum félagsins.